

þinum. Í síðustu þingkosningum báru flokkarnir hver á annan, að hann færi með lygi. Bráðum fæ eg atkvæðisrétt, og sé eg í bygðinni, er eins vist, að eg þrjóti þetta boðorð með því, að óta blýantinum eitt augnablik.

HREPPSTJ.: — Hvað heldurðu a þú vitir um pólitik? (Vís sjálfan sig): Eg verð líklega að eiga á hættu að skrifa inn í skonsuna.

HULDA: — Niunda boðorð: Þú skalt eigi gírnast hús náunga þins. Þú tókst hús af honum Jóni á Eyrinni. Húsið, sem hann bygði sjálfur yfir sig og börnin sín, og þó áttu margar jarðir. Og eg er ekkert betri en þú. Svona verð eg, ef eg eyði æfni í bygðinni.

HREPPSTJ.: — Vertu ekki að bulla um það, sem þú hefir ekkert vit á.

HULDA: — Tíunda boðorð: Þú skalt eigi gírnast eiginkonu náunga þins, þjón, þernu, fénað, eða annað, sem hans er. Sjálfur sýslumaðurinn vill eiga mómmu, og Finna vill eiga þig. Þú náðir vinnuhjúnum hans Eiríks í Holti, af því þú varst ríkari en hann; og þú nærð í allar beztu kindurnar í sveitinni, ef eigendurnir eru fátækir. Og eg er ekkert betri en þú.

HREPPSTJ. (vís sjálfan sig): — Nú líklega byrjar hún á trúarjárnningunni. (Vís Huldu): Eg skal nú koma og taka til þín, táta mín.

HULDA: — Til þess að þrjóta ekki boðorðin, verð eg að flýja úr bygðinni.

HREPPSTJ.: — Þú getur farið til Vesturheims.

HULDA: — En þar er enn meiri bygg. Hafi eg ekki frið í fjöllum, verð eg að deyja.

HREPPSTJ.: — Jú, þú ert heldur dauðaleg. En komdu nú!

HULDA: — Ef eg dey, verð eg heilög. Enginn syndgar eftir að hann er dauður.

HREPPSTJ.: — Þú gleymir fórnarlóði frelsans.

HULDA: — Því má ekki útbuðurinn vera frelsari minn?

HREPPSTJ.: — Þú mátt hafa það eins og þú vilt, ef þú kemur út úr drangnum.

HULDA: — Og má eg þá deyja, þabbi.

HREPPSTJ.: — Já, blessuð vertu! En komdu nú.

HULDA (skriður út): — Ert þú einsamall, þabbi?

HREPPSTJ.: — Já, en leitafólkið er hér alstaðar á fjallinu. Eg ætla að húa því saman. (Hósti)

HULDA (sér Finnu og lýtur niður að henni): — Hvað gengur að þér, Finna mín?

FINNA (rís upp við aluboga): — Það gengur svo sem ekkert að mér.

HREPPSTJ.: — Þú ert heldur hressileg. (Hlær.)

HREPPSTJ.: — Þú lýgur því, ókíndin þín.

FINNA: — Nei. Þetta er heilagur sannleikur. Þú hefir kyst mig oft og lengi.

HULDA: — Eg trú þér, Finna mín.

FINNA: — Blessuð vertu fyrir það. (Stendur upp.)

HREPPSTJ.: — Þið eruð báðar brjálaðar.

FINNA: — Og fáum fritt far til Vesturheims.

HREPPSTJ.: — Ykkur verður einhvernvegin ráðstafað.

HELGA kemur inn frá vinstri og gengur til Huldu): — Elsku Hulda mín. Eg var svo hrædd um að þú værir töpuð okkur. Nú kemur þú heim með okkur.

HULDA: — Nei, mamma. Eg vil ekki fara heim í bygðina. Hún er full af synd.

HELGA: — Syndin er alstaðar þar sem mennirnir eru. Hún er óumflýjanleg eins og dauðinn.

HULDA: — En þar sem dauðinn er, þar er engin synd.

HREPPSTJ.: — Vertu ekki að eyða orðum við hana. Hún er ekki með sjálfri sér.

HELGA (strýkur hönd um kinn Huldu): — Þú nær þér, ástin mín, þegar við komum heim.

HULDA: — Eg er ekki brjáluð, mamma. Heldur að eg sé brjáluð?

Eg, sem hefi vakað yfir vordraumum mínum.

HREPPSTJ.: (Christir höfuð): — Eg vildi að sýslumaðurinn færi að koma, svo við gætum lagt á stað heim.

HELGA: — Nei, ekki brjáluð, Hulda mín. Þú þarft bara hvíld, Hvíld og tilbreytingu.

HULDA (þreytulega): — Já, helzt hvíld, mamma. Langa, langa hvíld.

SYSLUM. (kemur inn frá vinstri): — Hamingjunni sé lof! Hvar funduð þið hana?

HREPPSTJ.: — Rétt herna.

SYSLUM.: — Hérna! Hvar?

HREPPSTJ.: — Hún var herna inni í drangnum. (Bendir á skonsuna.)

SYSLUM. (vís Huldu): — Voruð þér búnar að vera hér lengi?

HULDA: — Góða stund. Eg skreið inn í dranginn, þegar eg heyrði ykkur mömmu koma.

SYSLUM.: — Svo-ó! Við skulum fara á stað heim.

HULDA: — Eg á hvergi heima, nema herna í útbuðarskálinni.

HREPPSTJ. (tekur í handlegg Huldu): — Komdu nú með okkur, Hulda mín.

HULDA: — Nei, aldrei!

SYSLUM. (tekur í hinn handlegg Huldu): — Þér verðir að koma með okkur, Hulda mín.

HULDA: — Eg skal ekki! (Slitur sig af þeim.)

(Hreppstjórinn nær aftur í Huldu, svo sýslumaður og Helga. Hulda berst um. Finna hjálpar Huldu. Leikurinn berst að klöppinni aftast til vinstri.

Hreppstjórinn og sýslumaðurinn missa höfuðfót sín í ryskingunum. — Tveir leikarmenn koma inn frá vinstri.)

SYSLUM.: — Komist þið fljótt. Stúlkan er brjáluð.

(Leikarmenn hjálpa til að yfirbuga Huldu. Hún er lögð niður á klöppina.)

SYSLUM.: — Hver hefir band handhægt? Það verður að binda hana.

(Hreppstjórinn fer afsíðis og tekur af sér sokkaböndin. Með þeim er Hulda bundin. A meðan tekur Finna höfuðfót sín í ryskingunum og hendir þeim niður fyrir björgin.)

FINNA: — Þá eru nú þessir hattarnir heilagir orðnir. — Amen.

(Sýslumaður og hreppstjóri setjast á klöppina og halda Huldu. Helga krýpur við höfuð hennar og strýkur hárið frá augum dóttur sinnar.)

SYSLUM. (vís leikarmenn): — Hafið gætur á henni Flökku-Finnu.

FINNA: — Höfuðsyndin er að lifa. (Hljóðar. Gripur sinni hendi í háir heurs, sýslumanns og hreppstjóra. Þeir sleppa tökum á Huldu, sem byltir sér út af klöppinni. Móðir hennar heldur í herðar hennar og steyptist með henni niður fyrir björgin. — Leikarjólkið þyrpist ígn frá báðum hlöðum.)

FINNA: — Nú getið þið sent mig til Vesturheims.

Hrafnagang og útbuðarval.

Tjaldís.

Hví hefir Öðinn svo mörg heiti?

Eitt af því, sem hlýtur að heilla hug þeirra, er Gylfaginning lesa, eru spurningar Ganglara og svörin vitulega, er Hárr hefir ávalt á hraðbergi við þeim. Þegar samtali þeirra er þar komið, að Hárr er búinn að teja upp öll heiti Öðins, segir Gangleri: "Geysimörg heiti hafi þér gefit honum, ok þat mun vera mikill fróðleikr, sá er hér kann skyn og dæmi, hverir atburðir hafa orðit sér til hvers þessa nafns." — Þá svarar Hárr: "Mikil skynsemi er at ríftja þat vindliga upp; en þó er þér þat skjótask að segja, at flest heiti hafa verit gefin af þeim atburð, at svá margar sem eru greinir tunguanna í veröldinni, þá þykjask allar þjóðir þurfa at breyta nafni hans til sinnar tungu til ákalls ok bæna fyrir sjálfum sér; en sumir atburðir til þessa heita hafa gjörsk í ferðum hans."

Öðinn hafði samkvæmt sögu þessari eins mörg heiti að minsta kosti og greinir tungunnar voru í heiminum. Það mætti eflaust með nokkrum sanni halda því fram, að nöfn Öðins auk þeirra er hann hlaut af atburðum á ferðum sínum og tungu heimsins staðist nú ekki alveg á. En ef spurt væri að því, hve mörg tungumál væru nú töluð, yrði ef til vill réttasta svarið, að segja þau eins mörg og heiti Öðins. Þó búast megi við, að all-nákvæma tölu þeirra megi finna í fornum málfræðingum, er erftitt að segja með nokkurri vissu hver hún er. Og því veldur skyldleiki tungunnar o. fl. Það sem sumir segja sérstæða tungu, segja aðrir málfræðingum. En eigi að síður hefir það verið málfræðingum mikið keppikefli, að rannsaka hin öliku málmannanna. Af málinu má svo margt nema. Það fræðir um lífnaðarháttu og menningarstig manna bæði í nútíð og líðinni tíð. Það er spegill hugsana og athafna mannsins. Það er eins og Matthías kvæð:

— andans form í mjúkum myndum,
minnissaga, farinna daga, —

Að visu var það íslenskan er hann átti við. En þetta getur þó átt við fleiri eða flestar tungur að því leyti sem þær eru skuggsjá þess er þjóðin eitt sinn voru og eru enn.

Við samantöku á tungunum, hefir einnig skyldleiki þeirra komið í ljós. Og ef sannleikar, sem fáir munu efa, eða falin í orðum sálmaskáldsins mikla:

— oft má af máli þekkja,
manninn —

þá flýtur af sjálfu sér, að af skyldleika málanna megi fara nærri um skyldleika þjóðanna. Og nú er skyldleiki þjóðanna svo mikill, að hægt hefir verið að skýja öllum tungum heimsins niður í fáeina aðalflokk. Hvernig sú flokkun litur út og á hverju hún er byggð, fýs-ir eflaust einhverja að vita, eins og Ganglara fýsti að vita ástæðuna fyrir nöfn Öðins. Og fróðir menn sem Hárr, og er þá mikið sagt, hafa um það efni skrifað. Skal nú hér reynt að benda á eitthvað af svörum þeirra.

Mál fyrstu manna.

Það virðist all-almenn hugmynd, að í fyrstu hafi allir menn talað eitt og sama mál. En það er harla ótrúlegt, þó upphaflega hafi spálin hlotið að vera færri en nú. Um mál þau, er menn á eldri steinöld töluðu, vita menn ekkert. Það er meira að segja engin víska fyrir því, að þeir hafi talað nokkurt mál, í þeirri merkingu sem nú er lögð í það orð.

Á myndum sem þessir menn frá eldri steinöld hafa dregið og eftir þá liggja, má þó ráða, að þeir hafi borið, talsvert skyn á lögun og úttil hluta. En mál þeirra, ætla flestir, að hafi að mestu verið fölgðir í ýmsu láteði og bendingum. Einstök orð hafa þeir ef til vill haft um hönd, og hafa þau að líkindum myndast af hljóði því, er hrópum þeirra og köllum voru samfara, er t. d. hættu bar að garði. En þá hefir orðið einnig getað fests við það, sem tilefnið gaf til hættunnar, hvort sem það var hlutur eða dýr, og á þann hátt fengið ákveðna merkingu.

Það letur því að líkum, að elsta mál hafi ekki verið annað en nokkurn nafnorð og upphrópanir. En eitt orð gat haft fleiri en eina merkingu. Ef eldri steinaldarmenn þektu t. d. orðið "björn", gátu þeir með því hvernig áherzu þeir lögu á orðið eða með vissum bendingum gefnum um leið og það var nefnt, gefið í skyn, hvort að björninn fór eða kom, væri lifandi eða dauður. En greinilegt samband orða og hugmynda, er hætt við að hafi ekki, á þessu stigi mannsins, náð lengra en þetta.

I tungumálum nútímans skipta orðin mörgum þúsundum. I elztu eða fyrstu tungumálum hafa þau ekki skift nema í mesta lagi fám hundruðum, um það er sagt að fólk í sumum af-skektum sveitum í Evrópu noti enn ekki nema nokkur hundruð orð í tal-máli sínu, eða innan við þúsund. Þegar komið var fram á hina yngri steinöld, hefir orðafjöldi manna ef til vill verið mjög svipaður því. Samtöl eða langar lýsingar hafa naumast átt sér stað. Menn hafa á þeim tímum öllu fremur leikið frásagnirnar, en sagt þær. Ymsir halda fram, að maðurinn hafi þá ekki getað talið nema að töluinni tvö. Aðrir benda á að þeim hafi hlotið að vera talnahugmyndin ljós, vegna þess, að þeir hafi getað ákveðið stærð hópa, þó þeim væri nítíðar talnaðferðir ekki ljósar. En eigi að síður hafa tungurnar augðast mjög dræmt af orðum. Og full-komnar málfræðismyndir og skipulegar hugmyndir um eiginlegleika eða sérstæðleik þeirra (abstract thought) koma ekki fram í málunum fyrir en seint í sögu mannkynsins, ef til vill ekki fyrir en fyrir einum fimmm hundruð mannsöldrum. En um mál elztu manna skal nú ekki frekar orðlengt, heldur snúa sér að flokk-uninni á þeim málum, sem gleggri og greinilegri sögu eiga.

Arisku tungurnar.

Til þessa tungumálaflokks telst mesti fjöldi af tungum. Er því auðsætt, að um mikil eða mjög nán sifjabönd getur ekki ávalt verið að

(Frh. á 7. bls.)

NAFNSPJÖLD

HEALTH RESTORED
Lækningar á lyfja
Dr. E. G. Simpson M.D., D.O., D.C.
Chronic Diseases
Phone: N 7208
Suite 207 Somerset Bldg.
WINNIPEG, — MAN.

Dr. M. B. Halldorson
601 Boyd Bldg.
Skrifstofa: A 2674
Stundar sérstaklega lungnaþjók-
dóma.
Er að finna á skrifstofu bl. 13-15
f. h. og 3-4 a. h.
Heimili: 44 Alloway Ave.
Talsími: Bl. 2164.

TH. JOHNSON,
Ormakari og Gullamíður
Sælur giftingaleyfibræð
Sérstakt athugið velti þóntum
og vígðörðum áian af landi.
264 Main St. Phone A 6887

Dr. B. H. OLSON
216-220 Medical Arts Bldg.
Cor. Graham and Kennedy St.
Phone: A-7067
Vísitalsími: 11-12 og 1-2-20
Heimili: 921 Sherburn St.
WINNIPEG, MAN.

ARNIG. EGERTSSON
Íslenskur lögfræðingur,
hefir heimild til þess að flytja mál
bæði í Manitoba og Saskatchewan.
Skrifstofa: WYNYARD, SASK.

DR. A. BLONDAL
518 Somerset Bldg.
Talsími N 6410
Stundar sérstaklega kvenafþjók-
dóma og barna-sjúkdóma. ÁV hittu
kl. 10-12 f. h. og 3-5 e. h.
Heimili: 806 Victor St.—Sími A 8180

W. J. Lindal **J. H. Lindal**
B. Stefánsson
Íslenskir lögfræðingar
708-709 Great West
Permanent Building
356 MAIN ST.
Talsími A4963

DR. J. G. SNIDAL
TANNLEKNIR
614 Somerset Block
Portage Ave. WINNIPEG

Þeir hafa einnig skrifstofur að
Lundar, Riverton, Gimli og Piney og
eru þar að hitta á eftirfylgjandi
tímum:
Lundar: Annanhverna miðvikudag.
Riverton: Fyrsta fimbiðdag í hver-
ju mánuði.
Gimli: Fyrsta Miðvikudag hvers
mánaðar.
Piney: Þriðja föstudag í mánuði
hverjum.

DR. J. STEFÁNSSON
216 MEDICAL ARTS BLDG.
Korral Kennedy og Graham.
Stundar sérstaklega kvenafþjók-
dóma og barna-sjúkdóma. ÁV
hitta frá kl. 11 til 12 f. h. og
kl. 3 til 5 e. h.
Talsími A 8081.
4 River Ave. P. 2081

DR. C. H. VROMAN
Tannlæknir
Tennur yðar dregnar eða lag-
aðar á allra kvala.
Talsími A 4171
505 Boyd Bldg. Winnipeg

Stefán Sölvason
Teacher of Piano
Ste. 17 Emily Apts.
Emily St. Winnipeg.

J. J. SWANSON & CO.
Talsími A 6340.
611 Paris Building.
Eldsmíðgæðingur og smíð-
gjafi og annast fasteignir, ó-
vega peningalán o. a. frv.

Dr. K. J. Backman
Specialist in Skin Diseases
404 Avenue Block, 265 Portage
Phone: A 1091
Res. Phone: N 8538
Hours: 2-6.

DAINTRY'S DRUG STORE
Meðala sérfræðingur.
"Vörugæði og fljót afgreiðsla"
eru einkunnarorð vor.
Horn Sargent og Lipton.
Phone: Sherb. 1166.

J. H. Stitt **G. S. Thorvaldson**
Stitt & Thorvaldson
Lögfr. og málafærslumenn.
807 Union Trust Bldg.
Winnipeg.
Talsími: A 4586

Mrs. Swainson
627 Sargent Ave.
hefir ávalt fyrirtíggjandi úrvals-
birgðir af nýttizku kvenhöttum.
Hún er eina íslenska konan, sem
slika verzlun rekur í Winnipeg.
Íslendingar! Látið Mrs. Swain-
son njóta viðskifta yðar.

Kr. J. Austmann
M.A., M.D., L.M.C.C.
Skrifstofa: 724½ Sargent Ave.
Vísitalsímar: 4.30 til 6 e. h.
og eftir samkomulagi.
Heimasími: B. 7288
Skrifstofusími: B 6006

A. S. BARDAL
sælur líkklutur og annast um ó-
farir. Allur óbúnaður sé best
handferur sölur hann allskonar
minnissögur og tegjóna...
543 SHERBROOKE ST.
Phone: N 6007 WINNIPEG

MRS. R. V. ISFELD
Pianist & Teacher
STUDIO:
606 Alverstone Street.
Phone: B 7020

Arthur Furney
Teacher of Violin
932 Ingersoll Street
PHONE: N 9405.

EMIL JOHNSON — A. THOMAS
Service Electric
524 SARGENT AVE.
Sælja rafmagnsáhöld af öllum teg-
undum.
Viðgerðir á Rafmagnsáhöldum,
fljótt og vel afgreiddar.
Talsími: B-1507. Heimasími: A-7286

Professor Scott.
Sími N-8106
Nýjasti vals, Fox Trot ofl.
Kensla \$5.00
290 Portage Ave.,
Yfir Lyceum.

GAS OG RAFMAGN JAFN ODYRT

OKEYPIS INNLEIÐING Á CASI Í HÖS YÐAR.
Við höfum ágætt úrval af gaseldavélum, sem við
ábyrgjumst að þér verðið ánægðir með.

Cefið auga sýningu okkar á Gas Vatnshitunar.
tækjum og öðru

Winnipeg Electric Co.
ELECTRIC RAILWAY CHAMBERS (fyrsta gólf.)